



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

101 REYKJAVÍK

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna sérkennslu í leik- og grunnskólum - Tilvísun í mál: R18080158

Eftirfarandi er flokkun á sérkennslu/sértækum stuðningi annarsvegar í leikskólum og hinsvegar í grunnskólum.

Leikskólar

Fjármagni vegna sértæks stuðnings til leikskólabarna er skipt í tvennt, í 1. flokk og 2. flokk. Að auki fær hver leikskóli úthlutað ákveðið stöðugildi vegna sérkennslustjóra.

Sértækur stuðningur

1. flokkur

Börn sem hafa m.a. fengið greiningu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR), Barnalækni vegna veikinda, Þroska og hegðunarstöð heilsugæslunnar (PHS), Heyrnar- og talmeina- og HTÍ) og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, daufblinda og sjónskerta einstaklinga. Þessi börn þurfa á verulegri aðstoð og íhlutun að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlunar, alvarlegrar og miðlungs þroskahömlunar (<50), verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll/hækjur), verulegrar tengslaskerðingar eða blindu og heyrnarleysis, og alvarlega langveik börn.

Úthlutað er fjármagni til leikskóla vegna tímafjölda til samræmis við daglegan vistunartíma barnsins í leikskólanum og þjónustupörf þess. Þjónustupörf barnsins er metin af ábyrgðarmanni sérkennslu í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvanna. Tímafjöldinn getur verið allt að 9,5 tímar á dag.

Fullur stuðningur telst 6 tímar miðað við 8 tíma daglega vistun barns í leikskóla. Sé þroskaskerðing barns með þeim hætti að þörf sé á stuðningi í fleiri tíma er unnt að senda beiðni um fleiri tíma til skrifstofu skóla- og frístundasviðs með rökstuðningi, byggðum á mati, í samvinnu við sérfræðiþjónustu viðkomandi þjónustumiðstöðvar.

2. flokkur

Börn sem þurfa reglulega á aðstoð og íhlutun að halda t.a.m. vegna vægrar þroskahömlunar (51-70), hreyfihömlunar (aðstoð við ferli), verulegrar sjón- og heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar, langtímaveik börn sem þurfa nokkra umönnun, börn sem þurfa töluverða aðstoð vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningalegra erfiðleika. Alvarlegir hegðunarerfiðleikar er þegar barn sýnir stjórnlausa hegðun, ofbeldishegðun eða reynir ítrekað að stinga af úr leikskóla.

Alvarlegir tilfinningalegir erfiðleikar er þegar barn hefur sætt misnotkun, mikil veikindi eru á heimili barns, eða barn hefur á anna hátt orðið fyrir tilfinningalegu áfalli.

Leikskóli fær fjármagn vegna stuðnings. Fjármagnið fer eftir fjölda og samsetningu barna með þörf fyrir stuðning í leikskólanum og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs til málaflokksins. Mat á þjónustubörf er unnið af ábyrgðarmanni sérkennslu í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvanna.

Hægt er að sækja um fjármagn vegna tímabundins stuðnings við barn sem eftir mat sálfræðings hefur verið vísað til nánari greiningar á Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, þroska og hegðunarstöðvar heilsugæslunnar eða sambærilegra aðila.

Sérkennslustjóri

Leikskóli fær úthlutað ákveðnu fjármagni í samræmi við fjölda barna í leikskólanum til að kosta stöðu ábyrgðarmanns sérkennslu/sérkennslustjóra. Hlutverk sérkennslustjóra er m.a. að sinna börnum með málþroskafrávik og félagslega og tilfinningalega erfiðleika, auk þess að veita stuðnings til starfsfólks sem sinnir sérkennslu innan leikskóla.

Leikskóli með 79 börn og færri fær fjármagn vegna 50% stöðugildis, leikskóli með 80 til 99 börn fær fjármagn vegna 75% stöðugildis og leikskóli með 100 börn eða fleiri fær fjármagn vegna 100% stöðugildis. Leikskólar með 200 börn eða fleiri fá fjármagn vegna tveggja 100% stöðugilda. Sérhæfðir leikskólar fá að auki framlag vegna eins 100 % stöðugildis vegna sérhæfingar sinnar.

Þessi viðbótarúthlutun vegna stöðu sérkennslustjóra nefnist almenn úthlutun í töflunni hér að neðan.

Skipting fjármagns

Eins og kemur fram þá miðast úthlutun fjármagns við tímamagn (flokkur 1) og fjármagn (flokkur 2) í sértækri úthlutun. Til sérkennslustjóra miðast úthlutun við hlutfall af fjölda nemenda og nú síðustu tvö ár út frá mati. Leikskólum er falið að útfæra þjónustuna á sem bestan hátt út frá því fjármagni sem leikskólarnir fá. Fylgst er með því hvernig fjármunum er varið með því að leikskólar skilar skýrslum, skrifstofa SFS er með eftirlit og skólaþjónustan kemur með tillögur og er með eftirfylgd með framkvæmd þjónustu.

Sértæk úthlutun

Sértæk úthlutun		
	Áætlun	Fjárhæðir skv. greiningum
2017	879.052	1.015.508
2016	844.967	928.000 ¹⁾
2015	795.297	1.097.000
2014	778.536	1.021.527
2013	623.536	794.613
2012	658.127	741.245 ²⁾
2011	550.002	513.779
2010	400.250	528.872
2009	384.250	224.138

1) Innsýting kom haustið 2016 og skipt upp í 1. og 2. flokk.

sem var hagræðing upp á c.a. 80 mkr.

2) Hér var áætlað 70 mkr. vegna sérkennslustjóra (almenni kvótinn)

Samkvæmt töflu þá hefur úthlutun í áætlun ekki fylgt þeim fjárhæðum sem ætti að úthluta samkvæmt greiningum. Fyrir árið 2018 er gerð spá um raunfjárhæð byggða á stöðu 1.9.2018.

Fjármagn vegna sérkennslustjóra

	Sérkennslustjórar	Stg.
2017	421.200	52,65
2016	241.146	31,15
2015	201.100	31,30
2014	196.786	30,77
2013	183.246	29,46
2012	70.000	14,57
2011	135.000	29,33
2010	120.000	28,80
2009	118.000	33,84

Grunnskólar

Sérkennsla

Skóli fær úthlutað fjármagni til sérkennslu við nemendur með almenna og sértæka námserfiðleika, svo sem í lestri, íslensku og stærðfræði, vegna raskana á hreyfifærni og mál- og talörðugleika. Úthlutun tekur mið af nemendafjölda í skóla. Skólar skipuleggja sérkennslu

í samræmi við stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkur. Úthlutun miðast við ákveðið hlutfall og fjölda nemenda í skólanum umreiknað í stöðugildi sbr. neðangreinda töflu.

Almenn úthlutun		
Áætlun	Stg.	
782.308	91,38	0,0169% pr. nem
778.026	91,2	0,0169% pr. nem
640.988	81,4	0,0152%per.nem
596.382	80,87	0,0142% pr. nem
516.706	73,46	0,0142% pr. nem
507.355	73,23	0,0142% pr. nem
473.345	72,08	0,0142% pr. nem
438.500	66,77	0,0142% pr. nem
433.490	66,01	0,0142% pr. nem
454.436	69,20	0,0142% pr. nem

Stuðningsfulltrúar

Skólar sem eru með 1. bekk fá úthlutun til hluta af stöðugildi stuðningsfulltrúa til að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla. Markmið er að styðja við börnin sem ertu að taka fyrstu skrefin í grunnskólanum. Hlutfall var hækkað 2018 og miðast nú við 25% stöðugildi stuðningsfulltrúa fyrir hvern 1. bekk (22 nemendur).

	Stuðnings- fulltrúar, fjárhæð í þús.
2018	127.815
2017	106.461
2016	92.798
2015	68.844
2014	67.097
2013	65.883
2012	61.466
2011	56.941
2010	56.291
2009	59.011

Sértækur stuðningur

Skóli fær úthlutað fjármagni til sérstaks stuðnings við mikið fatlaða nemendur og nemendur með alvarlegar raskanir. Skólar geri heildaráætlun, sbr. 10. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, um þá þjónustu sem þeir hyggjast veita og skal áætlunin vera í samræmi við stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur. Í áætluninni skal annars vegar gera grein fyrir fyrirkomulagi sérstaks stuðnings vegna fatlaðra nemenda og hins vegar sérstaks stuðnings vegna hegðunar, tilfinningalegra og félagslegra örðugleika. Auk heildarskipulags skal koma fram fjöldi nemenda og greiningar þeirra sem njóta sérstaks stuðnings innan áætlunarinnar og hvernig þörfum einstakra nemenda verður mætt. Stuðst er við þau viðmiðunarstig um fatlanir og þroska- og geðraskanir sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styðst við í vinnureglum sínum.

Fjármagn samkvæmt áætlun hér að neðan er það sem er til ráðstöfunar, raun er sú fjárhæð sem fara ætti til úthlutunar út til skóla í samræmi við þær viðmiðanir sem stuðst er við. Ástæða þess að breytingar eru milli ára er að nemendum í grunnskólum hefur fjölgað og nemendum með fötlunargreiningar og greiningar vegna alvarlegra raskana hefur jafnframt fjölgað, úr 4,3% árið 2015 í 5,2% árið 2018. Samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur sambærileg þróun átt sér stað varðandi beiðnir um úthlutanir í málaflokknum til sjóðsins. Mesta aukning fötlunargreininga eru innan einhverfurófsins.

Hverjum og einum skóla er falið að veita þjónustu á sem bestan hátt út frá því fjármagni sem skólinn fær til ráðstöfunar. Fjármagni er ætlað að fara til:


- Til stuðnings við einstaka nemendur við athafnir daglegs lífs í skólanum svo þeir fái notið skólagöngu sinnar til jafns við aðra nemendur.
- Til þjálfunar nemenda út frá metnum þörfum þeirra, fötlun og röskunum.
- Til að skapa aðstæður í skólalífinu sem gefa fötluðum nemendum tækifæri til að taka þátt í námi og starfi með skólafélögum sínum, s.s. fækkun í hópum, tveggja kennara kerfi, aðlögun umhverfis, námsefnis og aðstæðna.

Það getur verið nokkuð misjafnt með hvaða hætti þjónustan er veitt. Skrifstofa miðar þörf fyrir fjármagn út frá greiningum og fjölda barna. Hér að neðan er yfirlit yfir það sem er til ráðstöfunar í áætlun og fjárhæðir sem fara ættu til skóla samkvæmt greiningum. Samkvæmt töflu þá hefur úthlutun í áætlun ekki fylgt þeim fjárhæðum sem ætti að úthluta samkvæmt greiningum og viðmiðunum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sérúthlutun		
	Áætlun	Fjárhæðir skv. greiningum
2018	1.247.362	1.460.362
2017	1.254.037	1.295.154
2016	1.148.066	1.141.462
2015	1.038.324	1.040.847
2014	896.492	872.278
2013	845.207	838.598
2012	765.477	795.161
2011	715.441	722.681
2010	705.000	739.023
2009	818.087	489.254

Til viðbótar eru Klettaskóli og Brúarskóli sem eru sérskólar sem þjóna bæði börnum í Reykjavík og frá öðrum sveitarfélögum. Sérdeildir fyrir börn með einhverfu er sex og eru staðsettar í jafnmörgum almennum grunnskólum og táknaálssvið í einum almennum skóla. Kostnaður vegna þessara úrræða er ekki inni í þessum tölum hér að ofan.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs